



UMHVERFISSTEFNA LEIKSKÓLA KÓPAVOGS



LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS Í SAMSTARFI VIÐ
MENNTASVIÐ OG UMHVERFISSVIÐ KÓPAVOGS
ÁGÚST 2011

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs

Með iðnbyltingunni á 18. og 19. öld jukust áhrif manna á umhverfi sitt umtalsvert. Síðan þá hefur öll þróun verið hröð, mannfólki fjölgað og neysla manna aukist, sér í lagi á vesturlöndunum. Hefur þessi þróun leitt til þess að gengið hefur á auðlindir jarðar, mengun aukist svo úr hafa orðið áþreifanleg vandamál. Á síðastliðnum árum hefur orðið ljóst að breytingar eru nauðsynlegar ef ekki á að stefna í ófni fyrir okkur og komandi kynslóðir. Vaxandi áhugi er á umhverfismálum og er mikilvægt fyrir ríki, sveitarfélög og stofnanir að taka þátt í þeirri þróun og sýna gott fordæmi.

Í skýrslu Brundtlandnefndarinnar árið 1987 kom fram hugtakið sjálfbær þróun sem síðar hefur verið notað í tengslum við jafnrétti kynslóða og þjóða til að njóta og bæta lífskjör sín. Árið 1992 á heimsráðsstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun var samþykkt framkvæmdaráætlun um sjálfbæra þróun í heiminum sem nefnist Dagskrá 21. Einn hluti hennar, Staðardagskrá 21 er framkvæmdaráætlun fyrir sjálfbæra þróun í sveitarfélögum og var hún samþykkt hjá Kópavogsbæ árið 2003. Annar hluti Dagskrár 21 fjallar um menntun. Þar er kveðið á um að umhverfismennt skuli fléttast inn í allt skólastarf frá leikskóla til háskóla.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað áratuginn 2005-2014 menntunar til sjálfbærrar þróunar með það að markmiði að auka skilning á sjálfbærri þróun og vinna jafnframt að henni.

Í málefнасamningi bæjarstjórnar Kópavogs kemur fram að „allar stofnanir Kópavogsbæjar setji sér umhverfisstefnu“. Kópavogsbær samþykkti umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið í júní 2011.

Í ársbyrjun 2010 ákvað umhverfisráð Kópavogs að stefna að umhverfisátaki með öllum leik- og grunnskólum. Í kjölfarið samþykktu leikskólastjórar að endurskoða umhverfisstefnu leikskóla bæjarins frá árinu 2001.

Aðalnámskrá

Í sameiginlega hluta aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, hafa verið skilgreindir sex grunnþættir menntunar sem menntastefnan er byggð á og eru leiðarljós við námskráargerðina. Grunnþættirnir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþátturinn um sjálfbærni er nýr í aðalnámsskrám skólanna og markar hann því tímamót. Grunnþættirnir eru sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í skólum og eiga að fléttast inn í allt starfið.

Í leikskólahluta aðalnámskrár eru sett fram eftirfarandi námssvið: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Leikskólar Kópavogs

Kópavogsbær rekur 18 leikskóla og í þeim dvelja rúmlega 1.700 börn á aldrinum 1 - 5 ára. Í leikskólunum starfa um 500 starfsmenn. Það er því ljóst að umhverfisstefna leikskólanna hefur áhrif á marga, ekki síst vegna þess að börnin eru góðir boðberar sem færa þekkingu sína og færni inn á heimili sín og til foreldra.

Frá árinu 2007 hafa nokkrir leikskólar í Kópavogi verið þátttakendur í verkefni á vegum Landverndar sem kallast „Skólar á grænni grein“ og fjórir þeirra hafa í dag náð því takmarki að verða Grænfánaskólar. Almennu hefur reynslan af slíku umhverfisstarfi verið góð þar sem vitund og kunnátta barna, starfsfólks og foreldra eykst um umhverfismál og hagkvæmni í rekstri verður meiri. Fleiri leikskólar í Kópavogi hafa unnið að umhverfismálum eftir öðrum leiðum og í mismiklu mæli.

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs

Leitast var við að umhverfisstefnan sé skýr og auðveld að vinna eftir. Þá er mikilvægt að breytingar til sjálfbærni taki til alls starfs skólans og starfsfólk sé góð fyrirmynd fyrir börn og foreldra.

Leikskólum Kópavogs ber að starfa í samræmi við umhverfisstefnu leikskólanna og skal hún vera sýnileg í leikskólunum.

Starfshópur

Á fundi leikskólastjóra í Kópavogi, 20. apríl 2010 var samþykkt að umhverfisstefna leikskóla Kópavogs yrði endurskoðuð og útfærð, m.a. með það að markmiði að leikskólar Kópavogs verði skólar á grænni grein. Umhverfisstefnan og staða skólanna verði metin árið 2012. Í kjölfarið var hópur skipuð til að vinna að umhverfisstefnunni.

Hafdís Hafsteinsdóttir, leikskólastjóri Efstahjalla
Heiðbjört Gunnólfsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Fífusala
Helga Jónsdóttir, leikskólastjóri Furugrundar
Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi Kópavogsbæjar
Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar

Starfshópurinn leitaði víða fanga og fékk m.a. Margréti Júlíu Rafnsdóttur, umhverfisfræðing og formann umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs til ráðgjafar. Enn fremur kynnti hópurinn sér ýmis gögn sem fjalla um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun.

Þá leitaði nefndin til starfsmanna þriggja leikskóla í Kópavogi sem lásu stefnuna yfir með það í huga hvernig væri að vinna eftir henni. Mjög góðar ábendingar komu frá þessum skólum.

Nefndin væntir þess að þessi nýja umhverfisstefna verði lyftistöng í starfi leikskólanna, auki á fjölbreytni í starfi og veki starfsmenn, börn og foreldra til umhugsunar um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og umhverfisverndar.

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs



Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Þar læra börn m.a. samvinnu, samstarf, virðingu og umhyggju fyrir sér og öðrum. Starfsfólki leikskólans ber að vera fyrirmynd barnanna, efla umhverfislega vitund þeirra og útskýra tengsl manns og náttúru. Í anda sjálfbærrar þróunar læri börn sem og aðrir tengdir leikskólunum samábyrgð, réttlæti og virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Í þessu sem og öðru leikskólastarfi er leitast við að byggja á áhuga barnanna, að hlustað sé á raddir þeirra og að þau séu þátttakendur í að móta og meta leikskólastarfið.

„Sjálfbær þróun er sú þróun sem gerir okkur kleift að uppfylla þarfir okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.“

Markmið umhverfisstefnunnar er að unnið verði markvisst að umhverfismálum hjá leikskólum Kópavogsbæjar og að stefnan nýtist til aukinnar sjálfbærni, umhverfisverndar og hagræðingar.

Markmið:

- ❖ Skapa samfélag í leikskólanum sem byggir á jafnrétti og samábyrgð.
- ❖ Umhverfi leikskólans inni og úti sé heilnæmt, öruggt og hvetjandi fyrir börnin.
- ❖ Börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfi sínu inni og úti.
- ❖ Umhverfismennt verði fléttuð inn í allt starf leikskólans.
- ❖ Draga úr hvers kyns sóun verðmæta, hráefna og myndun úrgangs.
- ❖ Stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu.
- ❖ Auka hlutvistvænna innkaupa og umhverfismerktra vara í leikskólum.

Markmið þessi eiga að vera leiðbeinandi og mótandi fyrir leikskólastarf og eru grunnur að nánari útfærslu.



Leiðir að markmiðum

Hér fyrir neðan er hugmyndabanki sem ætlaður er til leiðbeiningar fyrir leikskólana. Hann er ekki tæmandi heldur aðeins hugmyndir. Hugmyndabankinn skiptist í eftirfarandi málaflokka: Samhjálp og samábyrgð; námsumhverfi leikskólans, umhverfismennt, auðlindir, neysla og nýting og innkaup. Hugmyndabankinn getur einnig nýst sem gátlisti/matslisti – hversu vel gengur að vinna eftir stefnunni, hvað er gott og hvað má bæta.

Samhjálp og samábyrgð

Kjarni umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar er skilningur á tengslum manna og náttúru. Með því að taka ábyrgð á gjörðum okkar og hafa vilja til að breyta rétt er hægt að ná árangri í sjálfbærri þróun. Mikilvægt er að stuðla að breyttu hugarfari og sjálfbærari hegðun fólks í öllu námi og stuðla þannig að betra samfélagi.

Markmið:

Skapa samfélag í leikskólanum sem byggir á jafnrétti og samábyrgð.

Leiðir:

- Kenna börnum um samábyrgt samfélag þar sem hver einstaklingur er meðvitaður um áhrif gjörða sinna.
- Kenna börnum umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi.
- Ganga vel um gróður, setja rusl í ruslatunnur og ganga vel um eigur sínar og annarra.
- Fá foreldra með í ýmis verkefni sem tengjast skólanum og nærumhverfi, t.d. hreinsun á lóð skólans.
- Stuðla að samstarfi við grenndarsamfélag, t.d. við æskulýðs- og íþróttastarf, grunnskóla og íbúasamtök.
- Börnin verði þátttakendur í umhverfisstarfinu og hlustað sé á raddir þeirra.



Námsumhverfi leikskólans

Námsumhverfi leikskólanna samanstendur af húsnæði, búnaði, leikvelli og nærumhverfi, s.s. götur, garða, bílastæði o.fl. Námsumhverfi leikskólanna þarf að vera öruggt, heilsusamlegt, hvetjandi og aðlaðandi. Því er skipulag þess mjög mikilvægt. Námsumhverfi barna er einnig hægt að skipuleggja á þann veg að vakin sé athygli á umhverfismálum og jafnframt unnið að þeim.

Markmið:

Umhverfi leikskólans inni og úti sé heilnæmt, öruggt og hvetjandi fyrir börnin. Börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfi sínu inni og úti.

Leiðir

- Að umhverfi leikskólanna sé vel við haldið og snyrtilegt.
- Að börnin fari vel með allt leikefni og efni í skapandi starfi.



21/03/2003

- Að börnin taki þátt í að laga það sem aflaga fer t.d. plasta og líma bækur sem hafa skemmst.
- Hver hlutur eigi sinn stað, sem sé merktur (myndrænt og með texta) og börnin læri að ganga frá öllu á réttan stað.
- Að börnin skynji og skilji sameiginlega ábyrgð á leikskólanum og búnaði hans.
- Reglulega fari starfsfólk og börn út á skólalóðina til að týna rusl og farga því á réttan hátt.
- Nýta nærumhverfi skólans til náms, útistofur, skóga, tún, íbúðarhverfi o.fl.
- Umhverfi skólans verði aðgengilegt fyrir gangandi og hjólandi.
- Senda hvatningu út til foreldra og starfsfólks að skilja einkabílinn eftir heima.
- Hvetja foreldra til að drepa á bílum við leikskólana, m.a. með því að setja upp skilti við leikskólann og senda tölvupósta með áminningu.
- Foreldrar og starfsmenn séu fræddir um mikilvægi þess að takmarka bílaumferð við leikskóla, bæði fyrir umhverfið og heilsu barnanna.
- Setja upp hjólagrindur fyrir reiðhjólafólk og gefa foreldrum og börnum kost á því að skilja eftir reiðhjól yfir daginn.
- Á skólalóð sé skordýra eða plöntueitur ekki notað.
- Leggja á áherslu á góða loftræstingu en án þess þó að kostnaður og orkusóun við upphitun húsa verði meiri.
- Reyna að halda í fjölbreytt og náttúrulegt umhverfi á skólalóð (steinar, vatn og gróður og minnka grasslátt).
- Koma upp matjurtagarði í skólum sé hægt að koma því komið við.
- Gefa fuglum fóður og útbúa fuglahús.
- Koma upp aðstöðu til moltugerðar.
- Í námsumhverfi leikskólans séu ekki efni eða annað sem hefur skaðleg áhrif á börnin og umhverfið.

Umhverfismennt

Mikilvægt er að umhverfisfræðsla sé samofin öllu starfi í leikskólum og börnin læri þannig að bera virðingu fyrir umhverfinu. Menntun til sjálfbærni gerir fólki kleift að takast á við verkefni sem snúa að umhverfi, félagslegri- og efnahagslegri þróun samfélaga og öðlast skilning á náttúrunni og mikilvægi umhverfisvitundar. Mikilvægt er að starfsfólk styðji við nám barnanna með því að hlusta, kynna nýjan efnivið og spyrja spurninga. Vera þátttakendur í starfi með börnunum, ýti undir forvitni og vangaveltur barna og hvetji þau til gagnrýni. Skapa skal aðstæður til að börnin geti uppgötvað umhverfi sitt sjálf.

Markmið:

Umhverfismennt verði fléttuð inn í allt starf leikskólans.

Leiðir

- Umhverfisstefnan sé sýnileg öllum og aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Umhverfisstefnan sé kynnt nýju starfsfólki og foreldrum.
- Foreldrar verði hvattir til þátttöku.
- Efla útinám og almenna fræðslu fyrir börn og starfsfólk um náttúru og umhverfismál.
- Börn séu frædd um lífsferil og uppruna vöru, t.d. hvaðan kemur pappírinn?



- Börnin vinni verkefni þar sem þau nota verðlaust efni í skapandi starfi og að endurvinnna s.s. pappír.
- Börnin vinni fjölbreytt verkefni sem tengjast umhverfismennt og sjálfbærri þróun.
- Notaðar séu matsaðferðir við að efla umhverfismennt.
- Halda upp á hina ýmsu daga sem tengjast umhverfismálum (Dagur umhverfisins, Dagur líffræðilegs fjölbreytileika, Dagur vatnsins, Loftslagsdagurinn, samgönguvika o.fl.).

Neysla og nýting

Sjálfbær nýting auðlinda er forsenda þess að komandi kynslóðir geti notið sömu lífsgæða og við gerum í dag. Auðlindir í þessu samhengi eru til að mynda raforka, heitt og kalt vatn og önnur aðföng sem notuð eru í leikskólastarfi. Aukinni neyslu fylgir aukinn úrgangur. Með flokkun úrgangs er hægt að draga úr soun verðmæta, stuðla að minni úrgangi og lækka rekstrarkostnað.

Auðlindir jarðar eru ekki óþrjótandi og því er mikilvægt að nýta þær vel. Einnig er mikilvægt að hver og einn leggi sitt af mörkum við að draga úr neyslu og sýna gott fordæmi.

Markmið:

Draga úr hvers kyns soun verðmæta, hráefna og myndun úrgangs.

Stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu.

Leiðir

- Endurnýta sorp/hráefni, s.s. pappír, eggjabakka, krukkur, áldósir o.fl. í myndsköpun og leiki t.d. pappamassa úr dagblöðum, pappakassa fyrir hús, bíl, bát.
- Ílát til flokkunar verði aðgengileg og sýnileg öllum.
- Lágmarka útprentun og skrifa, prenta og ljósrita á pappír báðum megin og nota „black and white eða grayscale“ prentskipun þegar óþarfi er að prenta út í lit.
- Senda tölvupósta á starfsfólk og foreldra í stað þess að prenta út.
- Minnka eða eyða út notkun á einnota hlutum, s.s. pokum undir rusl og blaut föt, skóhlífar, plastglös og nota handklæði og tuskur í stað pappírs.
- Draga úr matarafgöngum með því að hvetja börn til að fá sér hæfilega mikið á diskinn sinn og senda ekki meiri mat inn á deildir en þörf er á, börnin geta náð í meira.
- Athuga hvort hægt er að fylla á prenthylki. Ef ekki má líka láta fyrirtæki hafa þau sem sjá um endurnýtingu á þeim.
- Notað fjölnota matarílát, borðbúnað og leirtau.
- Gera við það sem bilar frekar en að kaupa nýtt ef hægt er.
- Foreldrar komi með töskur eða margnota poka í leikskólann undir blaut föt.
- Notað eins og kostur er umhverfismerktar vörur eða vörur sem hafa sem minnst skaðleg áhrif á umhverfi og heilsu.
- Ef sápuskammtarar eru notaðir þá hafa skammtara sem skammta rétt og lítið.
- Láta ekki vatn renna að óþörfu.
- Stöðva rennsli í hitalagnir í stéttir að vori.
- Setja uppþvottavélar og þvottavélar aðeins af stað séu þær fullar.
- Slökkva alveg á raftækjum sem ekki eru í notkun, t.d. tölvu (slökkva alltaf á skjá á milli notkunar) og ekki kveikja á tækjum að óþörfu.



- Er hægt að minnka lýsingu einhver staðar í húsinu? Nota frekar sólarljósið, draga frá til að nýta dagsbirtuna, kveikja ekki öll ljós í einu.
- Draga fyrir glugga til einangrunar að nóttu til.
- Slökkva á ljósum þegar gengið er út úr herbergjum.
- Yfirfara ofna á hverju ári, laga stillingar og hreinsa þá. Ekki byrgja fyrir þá með húsgögnum eða gluggatjöldum.
- Fylgjast með notkun rafmagns, hita og kalds vatns. Lækka á ofnum og slökkva á loftræstingu í öllum fríum sem og öðrum tækjum sem taka rafmagn (tölva, prentari o.fl.).
- Ekki nota glugga sem hitastillingu, opna til að lofta út í stutta stund, en ekki hafa þá stöðugt opna.
- Setja litla miða á rofa og rafmagnstæki til að minna fólk á að slökkva.
- Stuðla að því að börn hætti fyrr með bleiur í samvinnu við foreldra.
- Hvetja til notkunar á taubleium.
- Leikskólar komi sér upp efnisveitu. Leikskólar starfi saman og skiptist á umfram efnisveitu sem hægt er að nota í leik og starfi. Koma jafnvel á tengslum við t.d. Sorpu, Byko, Föndru, Virku og önnur fyrirtæki sem geta látið af hendi hluti sem þeir nota ekki.

Innkaup

Með því að ígrunda vel daglegar ákvarðanir um innkaup og neyslu getum við stuðlað að sjálfbærri nýtingu auðlinda, minni sóun og minni úrgangi. Því meira sem við kaupum því meira fellur til af sorpi. Einnig er hægt að velja að kaupa inn vistvænar vörur sem eru vörur eða þjónusta sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.

Markmið:

Auka hlut vistvænna innkaupa og umhverfismerktra vara í leikskólum.

Leiðir

- Kaupa umhverfismerktar vörur eins og hreinsiefni, sápu, pappír, umslög, tæki, rafhlöður o.fl.
- Kaupa t.d. örtrefjaklúta og nota lítið af þrifefnum.
- Við kaup á öllum hlutum á að velja þessu fyrir sér „þarf ég nauðsynlega á þessu að halda? get ég notað eitthvað annað?“
- Versla inn á sem hagkvæmastan hátt, t.d. kaupa fjölnota vörur og í stærri pakkningum.
- Kaupa íslenskar vörur ef mögulegt er, reyna að sneiða hjá vörum sem koma langt að.
- Kaupa lífrænar vörur, sé þess kostur.
- Kaupa vandaðar vörur sem endast.
- Velja aðila til samstarfs sem eru meðvitaðir um umhverfið og hafa jafnvel umhverfisvottun.
- Velja vörur sem framleiddar eru með samfélagslegri ábyrgð t.d. að börn séu ekki notuð við vinnuna sbr. Fair trade.

